

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samtökin eru hagsmunasamtök sveitarfélaga á Vesturlandi. Markmið samtakanna varða atvinnu-, efnahags-, mennta- skipulags-, samgöngu-, og félagsmál. Einnig að stuðla að aukinni samvinnu sveitarfélaga á Vesturlandi og víðtækari þekkingu sveitarstjórnarmanna á verkefnum sveitarstjórna.

Samkvæmt rekstrarreikningi nemur hagnaður samtakanna á árinu 10,0 millj. kr. (2019; 13,8 millj. kr.). Eigið fé samtakanna í árslok 2020 samkvæmt efnahagsreikningi nam 87,5 millj. kr. (2019; 77,5 millj. kr.) en vísað er til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Á árinu störfuðu ellefu starfsmenn hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi í 7,2 ársverkum (2019; tólf starfsmenn í 6,1 ársverkum), laun og launatengd gjöld á árinu námu 96,3 millj. kr. (2019; 76,9 millj. kr.). Laun og launatengd gjöld framkvæmdastjóra 16,5 millj. kr. (2019; 16,4 millj. kr.).

Aðildarsveitarfélög samtakanna eru tíu en þau eru; Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær.

Stjórn og framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Borgarnesi, 10. mars 2021.

Í stjórn samtakanna:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og aðila að samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samtakanna 31. desember 2020 og afkomu þeirra og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnesi, 10. mars 2021

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	Ársreikningur 2020	Fjárhagsáætlun 2020	Ársreikningur 2019
Rekstrartekjur:				
Árgjöld aðildarsveitarfélaga	10	35.141.880	34.872.180	34.061.900
Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga		35.169.373	34.332.681	33.345.058
Framlag Byggðastofnunar		23.876.000	24.245.000	24.021.000
Styrkir vegna sérverkefna	11	1.000.000	0	865.715
Tekjur atvinnuráðgjafar		6.673.625	6.000.000	4.141.002
Sóknaráætlun vegna menningarfulltrúa		0	7.700.000	6.478.542
Sóknaráætlun vegna þjónustusamnings		16.592.355	13.500.000	16.046.602
Þjónustusamningar		13.008.074	13.800.000	15.382.690
Aðrar tekjur	12	11.152.598	1.007.848	978.389
	2	<u>142.613.905</u>	<u>135.457.709</u>	<u>135.320.898</u>
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld	13	96.335.698	93.713.522	76.874.811
Annar rekstrarkostnaður	14	24.668.984	29.003.781	33.570.105
Rekstrargjöld vegna Sóknaráætlunar	15	5.588.897	4.500.000	10.972.197
Framlög vegna atvinnuþróunar	16	6.400.000	6.000.000	5.850.000
Afskriftir	3,17	2.696.779	1.500.000	1.323.953
		<u>135.690.358</u>	<u>134.717.303</u>	<u>128.591.066</u>
Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)				
		6.923.547	740.406	6.729.832
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):				
Vaxtatekjur og arður		442.340	(300.000)	1.477.766
Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur		241.267	0	(531.454)
		<u>683.607</u>	<u>(300.000)</u>	<u>946.312</u>
Áhrif hlutdeildarfélags	18	2.350.212	0	6.112.181
Hagnaður ársins	23	<u>9.957.366</u>	<u>1.040.406</u>	<u>13.788.325</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr.	2020	2019
Eignir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	17	26.456.193	25.067.891
Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs.....	5,19	9.631.082	10.031.923
Fastafjármunir alls	3	<u>36.087.275</u>	<u>35.099.814</u>
Viðskiptakröfur.....	6	2.930.932	4.063.783
Ýmsar skammtímakröfur.....		2.968.658	2.597.139
Óinnheimtar tekjur vegna Sóknaráætlunar.....	15	14.950.000	36.312.250
Næsta árs gjaldf. v. Brúar lífeyrissjóðs	19	400.841	400.841
Handbært fé.....	9,21	156.344.462	140.202.324
Veltufjármunir alls		<u>177.594.893</u>	<u>183.576.337</u>
Eignir samtals		<u><u>213.682.168</u></u>	<u><u>218.676.151</u></u>
Eigið fé:			
Eiginfjárreikningur	24	<u>87.506.244</u>	<u>77.548.878</u>
Langtímaskuldir:			
Skuldbindingar vegna hlutdeildarfélags	18	<u>0</u>	<u>1.949.717</u>
Langtímaskuldir:			
Skuldabréfalán		<u>0</u>	<u>1.463.200</u>
Skammtímaskuldir:			
Óúthlutaðir styrkir vegna sóknaráætlunar	15	49.450.693	49.642.177
Ógreiddir styrkir og kostnaður vegna sóknaráætlunar	15	53.870.533	46.111.819
Fyrirframinnheimtar tekjur		0	24.800.000
Ógreiddur kostnaður og aðrar skammtímaskuldir		22.854.698	16.059.960
Næsta árs afborganir langtímaskulda		0	1.100.400
		<u>126.175.924</u>	<u>137.714.356</u>
Skuldir samtals		<u>126.175.924</u>	<u>141.127.273</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>213.682.168</u></u>	<u><u>218.676.151</u></u>
Eignir utan efnahagsreiknings	22		

Sjóðstreymisýfirlit árið 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi	23	9.957.366	13.788.325
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir fastafjármuna	17	2.696.779	1.323.953
Afkoma hlutdeildarfélags	18	(2.350.212)	(6.112.181)
Veltufé frá rekstri		<u>10.303.933</u>	<u>9.000.097</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtíma kröfur, lækkun		22.123.582	44.237.729
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	(10.438.032)	35.052.342
Fyrirframgreiðsla v. uppgjors við Brú, breyting		400.841	400.841
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>12.086.391</u>	<u>79.690.912</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>22.390.324</u>	<u>88.691.009</u>
Fjárfestingarhreyfingar:			
Hlutafé í Speli ehf. - slit		0	500.000
Hlutafé í NVB ehf. - slit	18	400.495	0
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	17	(4.085.081)	0
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(3.684.586)</u>	<u>500.000</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Afborganir langtímalána	(2.563.600)	(1.100.400)
Fjármögnunarhreyfingar	(<u>2.563.600)</u>	<u>(1.100.400)</u>
Hækkun á handbæru fé		16.142.138	88.090.609
Handbært fé í ársbyrjun		140.202.324	52.111.715
Handbært fé í árslok		<u>156.344.462</u>	<u>140.202.324</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og á síðastliðnu ári.

2. Innlausn tekna

Árgjald samtakanna er tekjufært á grundvelli samnings sveitarfélaga sem að samtökunum standa og byggir á fastagjaldi og gjaldi miðað við íbúafjölda. Styrkir og framlög eru færð til tekna við móttöku greiðslu og tekjur af veittri þjónustu eru innleystar eftir því sem þjónustan er innt af hendi og kröfuréttur myndast. Styrkir sérverkefna sem ekki er lokið í árslok eru færðir sem fyrirframinnheimtar tekjur í efnahagsreikningi í samræmi við stöðu verkefnis.

3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteign	50 ár
Bifreið	5 ár
Húsbúnaður	5 ár

4. Eignarhlutir í félögum og hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu vegna áætlaðrar verðyrnunar þeirra. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í afkomu samkvæmt hlutdeildaraðgerð. Verði hlutdeild félagsins í tapi meiri en bókfært verð er bókfærða verðið fært í núll. Færslu frekara taps er þá hætt nema samtökin hafi gengist í ábyrgðir fyrir félagið. Hafi samtökin gengist í ábyrgðir fyrir tapi er færð upp skuldbinding sem ábyrgðinni nemur.

5. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjors A-deildar á árinu 2020 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóð gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

6. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign samtakanna. Viðskiptakröfur í árslok 2020 eru færðar niður um 0,1 millj. kr. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá óinnheimtum kröfum í árslok í efnahagsreikningi.

7. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun samtakanna fyrir árið 2020 er birt í ársreikningnum til samanburðar.

Skýringar, frh.:

8. Áfallið orlof

Áfallið orlof er reiknað og fært í ársreikninginn og nemur skuldbindingin 8,0 millj. kr. í árslok 2020 (2019; 5,7 millj. kr.) og er færð meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

9. Handbært fé

Bankainnistæður teljast til handbærs fjár.

10. Árgjöld til Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

Sveitarfélag	2020		2019	
	Íbúar	Kr.	Íbúar	Kr.
Akraneskaupstaður.....	7.534	13.724.160	7.411	13.198.700
Hvalfjarðarsveit	625	1.702.500	638	1.684.600
Skorradalshreppur	65	728.100	58	698.600
Borgarbyggð	3.852	7.317.480	3.807	7.071.900
Eyja- og Miklaholtshreppur	124	830.760	117	798.900
Snæfellsbær	1.674	3.527.760	1.674	3.445.800
Grundarfjarðarbær	876	2.139.240	866	2.072.200
Helgafellssveit	64	726.360	62	705.400
Stykkishólmsbær	1.209	2.718.660	1.201	2.641.700
Dalabyggð	639	1.726.860	673	1.744.100
	<u>16.662</u>	<u>35.141.880</u>	<u>16.507</u>	<u>34.061.900</u>

2020

Fastagjald 615.000 kr. x 10 sveitarfélög

Íbúagjald 1.740 kr. x 16.662 íbúar

11. Styrkir vegna sérverkefna

	2020	2019
Byggðastofnun vegna Sóknaráætlunar	1.000.000	865.715
	<u>1.000.000</u>	<u>865.715</u>

12. Aðrar tekjur

Þjónustutekjur NVB	7.500.000	0
Framlag Vegagerðar vegna taprekstrar almenningsamg.	3.400.618	0
Húsaleiga	251.980	978.389
	<u>11.152.598</u>	<u>978.389</u>

13. Laun og launatengd gjöld

Laun atvinnuráðgjafa	29.397.671	33.631.796
Laun annarra starfsmanna	41.246.676	27.866.109
Laun stjórnar og nefnda	6.808.482	4.085.220
Reiknað áunnið orlof sbr. skýringu 8, breyting	2.303.208	(654.382)
Mótframlag í lífeyrissjóð	10.037.173	8.260.148
Tryggingagjald	5.828.201	5.317.658
Önnur launatengd gjöld	1.704.867	1.351.159
Framlag til A-deildar Brúar lífeyrissjóðs	400.841	400.841
Tryggingar starfsfólks	161.623	167.454
Hlutdeild Vesturlandsstofu í launakostnaði	0	(1.716.197)
Hlutdeild Vinnumálastofnunar í launakostnaði	(1.553.044)	(1.834.995)
	<u>96.335.698</u>	<u>76.874.811</u>
Laun vegna sóknaráætlunar (sbr. skýringu 14.)	2.908.611	2.113.920
Launatengd gjöld vegna sóknaráætlunar (sbr. skýringu 14.)	486.943	428.986
	<u>3.395.554</u>	<u>2.542.906</u>
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>99.731.252</u>	<u>79.417.717</u>

14. Annar rekstrarkostnaður

Húsnæðiskostnaður:	2020	2019
Viðhald húss og búnaðar	1.199.025	730.363
Rafmagn	148.352	148.142
Vátryggingar	173.110	139.235
Fasteignagjöld	716.622	736.654
Húsgjöld	717.737	717.926
Húsaleiga	453.043	420.000
Hreinlætisvörur	276.711	39.896
Hlutdeild Verkís hf. í rekstrarkostnaði	(143.325)	(560.900)
Húsnæðiskostnaður alls	<u>3.541.275</u>	<u>2.371.316</u>
 Skrifstofu og stjórnunarkostnaður:		
Aðkeypt þjónusta	8.404.554	11.776.536
Fundur, ráðstefnur og ferðakostnaður	1.431.331	7.085.953
Bifreiðastyrkir	4.364.512	6.677.330
Dagpeningar	5.052.931	4.581.599
Smááhöld, tæki, skrifstofuvörur og tölvuforrit	556.814	951.170
Sími og burðargjöld	918.367	831.569
Pappír, prentun og ritföng	114.122	100.171
Auglýsingar	487.751	544.782
Önnur framlög	200.650	227.560
Rekstur eigin bifreiða	(22.590)	140.479
Bækur, blöð og tímarit	284.369	394.390
Kaffistofa	268.061	291.387
Afmælিশátíð SSV	0	960.931
Viðhald skrifstofuáhalda	6.743	29.031
Niðurfærsla krafna og tapaðar kröfur	(101.729)	(225.762)
Annar kostnaður	1.400.863	2.056.201
Endurgreitt vegna útlagðs kostnaðar	(2.239.040)	(5.224.538)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður alls	<u>21.127.709</u>	<u>31.198.789</u>
 Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>24.668.984</u>	<u>33.570.105</u>

Skýringar, frh.:

15. Sérverkefni

Sóknaráætlun

Samkvæmt samningi sem gerður var við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneytið, eru Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, umsjónar- og framkvæmdaðili Sóknaráætlunar Vesturlands fyrir árin 2020 til 2024. Í samningnum er kveðið á um að verkefni sóknaráætlunar séu þrjúþætt:

- Starfrækja Uppbyggingarsjóð Vesturlands en sjóðurinn kom í staðinn fyrir menningarsamning og vaxtarsamning sem höfðu þetta hlutverk áður.

- Setja af stað áhersluverkefni fyrir landshlutann sem eru n.k. átaksverkefni á sviði nýsköpunar, menningar og markaðsmála og hafa beina skírskotun til Sóknaráætlunar Vesturlands.

- Vinna stefnu og framtíðarsýn fyrir Vesturland til næstu ára.

Í samræmi við samning um Sóknaráætlun Vesturlands eru 12 millj. kr. færðar til tekna í rekstri SSV til að mæta kostnaði við framkvæmd samningsins. Óúthlutaðir verkefnastyrkir eru færðir til skuldar í efnahagsreikningi.

Framlög:	2020	2019
Framlög frá ríkissjóði	118.201.849	131.715.806
Framlög frá sveitarfélögum	12.496.500	12.380.250
Vaxtatekjur (nettó)	22.086	80.501
	<u>130.720.435</u>	<u>144.176.557</u>
Úthlutanir ársins:		
Atvinnu- og nýsköpunarstyrkir	28.560.000	23.125.000
Stofn- og rekstrarstyrkir	6.450.000	7.413.000
Menningarstyrkir	24.900.000	25.650.000
Áhersluverkefni	44.861.836	20.189.270
Öndvegisverkefni	20.000.000	0
Viðauki við Sóknaráætlunarsamn. v/ Vínlandsseturs og Gestastofu	0	50.000.000
Annar rekstrarkostnaður vaxtarsamnings	12.000.000	7.000.000
Framlag vegna reksturs menningarfulltrúa	0	7.278.542
Úthlutun styrkja (niðurfelldir)	(4.050.000)	(2.491.282)
	<u>132.721.836</u>	<u>138.164.530</u>
(Úthlutað frá fyrri árum) til úthlutunar á næsta ári	(2.001.401)	6.012.027
Óúthlutaðir styrkir vegna sóknaráætlunar í upphafi árs	49.642.177	43.630.150
(Úthlutað frá fyrri árum) til úthlutunar á næsta ári	(191.484)	6.012.027
Óúthlutað samtals í árslok	<u>49.450.693</u>	<u>49.642.177</u>
Óinnheimtar tekjur vegna Sóknaráætlunar	14.950.000	36.312.250
	<u>14.950.000</u>	<u>36.312.250</u>
Ógreiddir styrkir vegna Sóknaráætlunar	48.061.250	42.315.819
Ógreiddur kostnaður vegna Sóknaráætlunar	5.809.283	3.796.000
Ógreiddir styrkir og kostnaður vegna Sóknaráætlunar	<u>53.870.533</u>	<u>46.111.819</u>

Skýringar, frh.:

15. Sérverkefni, frh.

Sóknaráætlun

Laun:

	2020	2019
Laun stjórnar	2.908.611	2.113.920
Tryggingagjald	221.049	178.537
Lífeyrissjóður	262.484	240.782
Önnur sjóðagjöld	3.410	9.667
	<u>3.395.554</u>	<u>2.542.906</u>

Annar kostnaður:

Dagpeningar	209.000	79.147
Ökutækjastyrkur	237.984	377.960
Aðkeypt þjónusta	735.382	6.354.536
Auglýsingar	415.105	1.071.350
Funda- og ferðakostnaður	510.872	449.587
Annar kostnaður	85.000	96.711
	<u>2.193.343</u>	<u>8.429.291</u>

Rekstrargjöld vegna sóknaráætlunar alls	<u>5.588.897</u>	<u>10.972.197</u>
---	------------------	-------------------

16. Framlög vegna atvinnuþróunar

	2020	2019
Rekstrarstyrkur til Vesturlandsstofu ehf.	6.000.000	5.850.000
Aðrir styrkir	400.000	0
	<u>6.400.000</u>	<u>5.850.000</u>

17. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteign	Bifreiðar	Búnaður	Samtals
Heildarverð 1.1. 2020.....	36.241.051	8.187.750	4.463.895	48.892.696
Afskrifað áður	(14.138.398)	(6.389.942)	(3.296.465)	(23.824.805)
Bókfært verð 1.1.2020.....	<u>22.102.653</u>	<u>1.797.808</u>	<u>1.167.430</u>	<u>25.067.891</u>
Viðbót á árinu	0	2.990.000	1.095.081	4.085.081
Afskrifað á árinu	(724.821)	(857.052)	(1.114.906)	(2.696.779)
Bókfært verð 31.12.2020.....	<u>21.377.832</u>	<u>3.930.756</u>	<u>1.147.605</u>	<u>26.456.193</u>
Heildarverð 31.12.2020.....	36.241.051	11.177.750	5.558.976	52.977.777
Afskrifað samtals 31.12.2020.....	(14.863.219)	(7.246.994)	(4.411.371)	(26.521.584)
Bókfært verð 31.12.2020.....	<u>21.377.832</u>	<u>3.930.756</u>	<u>1.147.605</u>	<u>26.456.193</u>

Afskriftahlutföll.....	2%	20%	20%
------------------------	----	-----	-----

Fasteignamat og vátryggingarverðmæti

Fasteignamat og vátryggingarverðmæti greinist þannig:

	Fasteignamat	Brunabótamat	Vátryggingarverðmæti
Fasteignir.....	24.550.000	79.550.000	79.550.000
Búnaður.....	0	0	17.791.176
	<u>24.550.000</u>	<u>79.550.000</u>	<u>97.341.176</u>

Skýringar, frh.:

18. Áhættufjármunir

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Vesturlandsstofa ehf.....	100%	6.000.000	0
Eignarhlutir í öðrum félögum í árslok		<u>6.000.000</u>	<u>0</u>

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum félögum greinist þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð	Fært í rekstrarreikning
NVB ehf.....	33,3%	500.000	0	2.350.212

Í árslok 2020 var formlega gengið frá slitum á félaginu NVB ehf. í samræmi við ákvörðun hluthafa félagsins þar um. Slitareikningi félagsins, dags. 30.11.2020, ásamt öðrum gögnum varðandi slit félagsins var skilað í desember mánuði 2020 til viðeigandi aðila. Beðið er endanlegrar staðfestingar á afskráningu félags en í ársreikningi SSV vegna ársins 2020 hafa færslur vegna slita verið færðar.

19. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjors A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð á árinu 2018 eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2021 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjorsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjorsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig á árinu:

Staða fyrirframgreiðslu í ársbyrjun.....	10.432.764
Gjaldfært á árinu.....	(400.841)
Staða fyrirframgreiðslu í árslok.....	<u>10.031.923</u>

Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:

Næsta árs gjaldfærsla, færð meðal veltufjármuna.....	400.841
Langtímahluti fyrirframgreiðslu.....	9.631.082
Samtals í efnahagsreikningi.....	<u>10.031.923</u>

Fyrirframgreiðsla skiptist þannig í árslok:

Framlag í lífeyrisaukasjóð.....	9.117.552
Framlag í varúðarsjóð.....	914.371
	<u>10.031.923</u>

Skýringar, frh.:

20. Skammtímakröfur

Niðurfærsla viðskiptakrafna greinist þannig:

	2020	2019
Niðurfærsla í ársbyrjun	245.462	471.224
Niðurfærsla á árinu, breyting.....	(101.729)	(225.762)
Niðurfærsla í árslok	<u>143.733</u>	<u>245.462</u>

21. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:

Handbært fé SSV.....	67.047.884	78.648.941
Handbært fé Sóknaráætlunar.....	89.296.578	61.553.383
Handbært fé alls.....	<u>156.344.462</u>	<u>140.202.324</u>

22. Eignir utan efnahagsreiknings

Í eigu samtakanna eru ýmsir lausafjármunir, sem áður hafa verið gjaldfærðir. Hér er einkum um að ræða húsgögn og skrifstofuáhöld, sem notuð eru við daglegan rekstur.

23. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

	2020	2019
Eiginfjárreikningur í ársbyrjun	77.548.878	63.760.553
Hagnaður ársins.....	9.957.366	13.788.325
Eiginfjárreikningur í árslok	<u>87.506.244</u>	<u>77.548.878</u>

24. Önnur mál

Á fylgiskjali 1 er yfirlit um rekstur og stöðu lönþróunarsjóðs á árinu 2020. Þar sem aðildarsveitarfélög SSV eru ekki öll aðilar að lönþróunarsjóðnum, er hann ekki tekinn með í ársreikningi samtakanna.

25. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi auk lykil stjórnenda samtakanna eru skilgreindir sem tengdir aðilar samtakanna. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Rekstraryfirlit Iðnþróunarsjóðs Vesturlands árið 2020

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):	2020	2019
Vaxtatekjur	2.147	27.549
Fjármagnstekjuskattur og bankakostnaður	(472)	(6.060)
Rekstrarniðurstaða ársins	1.675	21.489

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir:	2020	2019
Bankainnistæður	2.149.132	2.147.457
Eignir samtals	2.149.132	2.147.457
Eigið fé:		
Flutt frá fyrra ári	2.147.457	2.125.968
Rekstrarniðurstaða ársins	1.675	21.489
Eigið fé samtals	2.149.132	2.147.457